

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi Vaðlaborga A, frístundabyggðar í landi Veigastaða, Svalbarðsstrandarhreppi.

Sveitarstjórn Svalbarðsstrandarhrepps samþykkti þann 22. apríl 2008 breytingu á deiliskipulagi Vaðlaborga A, frístundabyggðar í landi Veigastaða.

Meginbreytingin felst í því að allar lóðirnar verða séreignarlóðir, en í gildandi deiliskipulagi er kveðið á um að öll hús séu í eigu sama aðila (landeiganda), sem leigði þau út.

Auk þess er byggingarlóðum fjölgað um 6 úr 25 í 31. Þá er breytt vegtengingu að lóðunum á efra svæðinu, þannig að hún verður um veg sem liggur um land Veigastaða norðan skipulagssvæðisins. Lóðarmörkum er breytt og er stærð lóða á bilinu 1.550 – 3.414 m², auk annarra breytinga, s.s. varðandi sameiginleg svæði.

Deiliskipulagsbreytingin hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og öðlast hún þegar gildi.

Svalbarðseyri, 2. september 2008.

F.h. sveitarstjórnar Svalbarðsstrandarhrepps,

Árni K. Bjarnason sveitarstjóri.

B-deild – Útgáfud.: 16. september 2008